

SAMÞYKKTIR

fyrir Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga.

1. Nafn og aðsetur.

- 1.1. Samtökin heita Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga, skammstafað IHM. Heimili miðstöðvarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. Tilgangur og viðfangsefni.

- 2.1. Innheimtumiðstöðin er hagsmunasamtök höfunda, listflytjenda og framleiðenda til réttargæslu í samræmi við 11. gr. 3. og 4. mgr. höfundalaga. Innheimtumiðstöðin hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu.
- 2.2. Innheimtumiðstöðin hefur eftirfarandi viðfangsefni í samræmi við tilgang sinn:
 1. Að safna upplýsingum, annast innheimtu gjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaganna og skipta þeim milli aðildarfélaganna.
 2. Að annast samskipti við hliðstæð samtök erlendra rétthafa.
 3. Að samhæfa kröfur aðildarfélaganna og annast samningaviðræður og gera samninga á þessu sviði.

3. Aðild.

- 3.1. Aðilar að samtökum þessum eru: STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, SFH, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Rithöfundasamband Íslands, Bláðamannafélag Íslands, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Félag leikstjóra á Íslandi, Hagþenkir, félag höfunda fræðiritra og kennslugagna og Myndstef. Önnur félög en þau, sem að framan eru greind, geta sótt um aukaaðild að samtökunum enda teljist þau hafa verulegra hagsmuna að gæta á þessu sviði.

4. Skipulag.

- 4.1. Stjórn samtakanna skipa sjö menn, tveir tilnefndir af STEFi, tveir af SFH, einn af Rithöfundasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda og einn af Samtökum kvikmyndaleikstjóra. Varamenn skulu vera jafnmargir aðalmönnum og tilnefndir á sama hátt. Stjórnin velur sér formann og varaformann. Tilnefning stjórnarmanna gildir í tvö ár.
- 4.2. Stjórnin stýrir starfsemi samtakanna. Fundi skal halda með hæfilegum fyrirvara þegar formaður ákveður eða einn stjórnarmanna óskar þess. Fundargerðir stjórnarfunda skulu sendar til stjórnarmanna einstakra aðildarsamtaka.
- 4.3. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Stjórnarfundur er lögmatgur þegar formaður og þrjú meðstjórnendur sækja fund sjálfir eða varamenn þeirra.
- 4.4. Fulltrúaráð samtakanna skipa fulltrúar sem tilnefndir skulu til tveggja ára af aðildarsamtökunum sem hér segir:
 - Tveir fulltrúar og tveir til vara, tilnefndir af STEFi.
 - Fjórir fulltrúar og tveir til vara, tilnefndir af SFH.
 - Tveir fulltrúar og einn til vara, tilnefndir af Rithöfundasambandi Íslands.
 - Einn fulltrúi og einn til vara, tilnefndir af öðrum aðildarsamtökum, hverjum fyrir sig.

Stjórnarmenn samtakanna eiga og sæti í fulltrúaráði samtakanna og hafa þar atkvæðisrétt, málfrelsi og tillögurétt.

Samtök, sem öðlast hafa aukaaðild að samtökunum, hafa og rétt til að tilnefna áheymrarfulltrúa til setu á fundum fulltrúaráðsins án atkvæðisréttar.

Ef skipting á tekjum samkvæmt grein 5.2. breytist skal endurskoða fjölda fulltrúa frá einstökum aðildarsamtökum í stjórn og fulltrúaráði.

4.5. Aðalviðfangsefni fulltrúaráðsins eru þessi:

1. Að ákveða í aðalatriðum störf og stefnu Innheimtumiðstöðvarinnar.
2. Að hafa eftirlit með starfsemi hennar.
3. Að taka afstöðu til aðildar nýrra samtaka.

Ákvörðun skv. 4.5.1 og 4.5.3 verður því aðeins tekin í fulltrúaráðinu að 3/4 greiði því atkvæði sitt.

4.6. Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda í aprílmánuði ár hvert. Skal til hans boðað með ábyrgðarbréfum með tveggja vikna fyrirvara. Aðra fundi í fulltrúaráðinu skal boða á sama hátt.

Á aðalfundi skal taka fyrir þessi mál:

1. Skýrslu stjórnar.
2. Afgreiðslu endurskoðaðra reikninga.
3. Kosningu formanns fulltrúaráðsins.
4. Skýrt frá tilnefningu stjórnar og varamanna sbr. 4.1.
5. Kosningu tveggja endurskoðenda.
6. Önnur mál.

Fulltrúaráðið kemur annars saman þegar stjórnin, endurskoðendur eða a.m.k. eitt aðildarsamband óskar þess. Geta skal dagskrár í fundarboði. Tillögur til aðalfundar skulu berast eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

4.7. Fundinum stjórnar formaður fulltrúaráðsins. Ekki verður ályktað um mál, sem ekki er getið í fundarboði. Ákvarðanir skulu teknar með meirihluta atkvæða, sé annað ekki sérstaklega ákveðið.

5. Meðferð fjármála.

5.1. Til að mæta óvæntum kröfum aðila, sem standa utan IHM, og kostnaði IHM, öðrum en rekstrarkostnaði, skal árlega leggja í varasjóð 5% af vergum tekjum samtakanna. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 2.500.000 miðað við núverandi verðlag, falla greiðslur til hans niður. Sé gengið á höfuðstólinn skulu greiðslur til hans hefjast að nýju skv. sömu reglum.

5.2. Eftir að greitt hefur verið til varasjóðs skv. 5.1. og fé lagt til hliðar til greiðslu rekstrarkostnaðar skal skipta rekstrarafgangi samtakanna, að frádregnu 15% framlagi í Menningsarjóð, á milli aðildarsamtakanna, s.s. hér segir:

1. Tekjur af auðum hljóðböndum og hljóðbandatækjum skal skipta í þessum hlutföllum: STEF 39%, SFH 54% og Rithöfundasamband Íslands 7%.

2. Tekjum af myndböndum og myndbandstækjum skal skipta á milli aðildarsamtaka í þessum hlutföllum: STEF 16%, SFH 27% (FÍH 12%, FÍL 6% og SHF 9%), Rithöfundasamband Íslands 16%, Blaðamannafélag Íslands 4%, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda 9%, Félag kvikmyndagerðarmanna 4%, Samtök kvikmyndaleikstjóra 9%, Félag leikstjóra á Íslandi 4%, Hagþenkir 6% og Myndstef 5%.

Endurskoða skal framangreinda skiptingu á milli aðildarsamtakanna ef eitthvert þeirra krefst þess. Skal krafa þess efnis vera gerð með eins árs fyrirvara, miðað við áramót. Náist ekki samkomulag um breytingu á skiptingunni skal gerðardómur skv. 6.1. og 6.2. skera úr ágreiningnum.

Aðildarsamtök skulu úthluta einstaklingsbundið til réttihafa þar sem því verður við komið, m.a. í formi styrkja. Að öðru leyti skulu hver samtök ráðstafa sínum hluta samkvæmt reglum sem í gildi eru í hverjum þeirra fyrir sig.

- 5.3. Stjórn IHM fer jafnframt með stjórn menningarsjóðs ásamt formanni, skipuðum af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum höfundaréttarnefndar. Sjóðstjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum.

6. Gerðardómur.

- 6.1. Fulltrúaráð IHM skal, ef tilefni gefst, koma á fót gerðardómi sem skipaður skal þremur dómurum, sem sérfróðir eru á sviði höfundaréttar.
- 6.2. Gerðardómurinn er eini dómstóllinn með lögsögu í ágreiningsmálum milli aðildarfélaganna um skilning á samþykktum IHM og meðferð á fé og skiptingu fjár. Ágreiningur milli aðildarfélaganna verður því aðeins lagður í gerð, að um hann hafi áður verið fjallað í stjórninni. Stefnu til gerðardóms verður að senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að stjórnin hefur ályktað um málið og kynnt ályktunina fyrir aðilum. Að greindu tímamarki liðnu skal vísa máli frá. Að öðru leyti gilda reglurnar í lögum um meðferð einkamála í héraði.

7. Breytingar á samþykktum. Félagsslit.

- 7.1. Til breytinga á samþykktum þarf meirihluta, 3/4 hluta atkvæða á fundi, þar sem að minnsta kosti 4/5 hlutar aðildarfélaganna eru mættir.
- 7.2. Fulltrúaráð skal slíta IHM ef þess er krafist af 3/4 hlutum aðildarfélaganna. Við félagsslit ákveður menntamálaráðuneytið hvernig ráðstafa skal eignum IHM til hagsbóta fyrir réttihafa.

Í samræmi við 4. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. lög nr. 78/1984 staðfestast ofangreindar samþykktir hér með. Samþykktir þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi samþykktir nr. 333/1993 fyri Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga.

Menntamálaráðuneytinu, 7. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Bórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 477/1995, um áfengisgjald,
með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 5. gr. reglugerðarinnar:

1. mgr. fellur brott.